

5.fundur 2012, 3. maí. Aðalmenn mættu nema Sigurður og boðaði hann ekki forföll til oddvita með formlegum hætti. Gestir Sturla Böðvarsson, Andri Ægisson og Þorleikur Jóhannesson.

1. Hitaveita Eyja- og Miklaholtshrepps – vinnufundur með Sturlu Böðvarssyni og verkfræðingum Verkís.
Sturla fór yfir stöðu mála í því verkefni sem Þróunarfélagi Snæfellinga var falið nú í vetur. Andri og Þorleikur fóru yfir hina tæknilegu þætti málsins.
Það er þeirra sameiginlega mat að það sé nauðsynlegt að koma jafnvægi á núverandi veitu áður en haldið verður áfram frekari framkvæmdum.
2. Ársreikningur 2011, farið yfir reikninginn og hann samþykktur til seinni umræðu.
3. Bréf Þórðar Runólfssonar lagt fram til umræðu.
4. Tilboð í handþurrkur og ruslafötu í Breiðablik. Hrefnu falið að ganga í málið og ganga frá því.
5. Íbúaskrá lögð fram. 131 íbúi skráður í hreppnum 1. desember 2011.
6. Bréf Önnu Sesselju Sigurðardóttur. Samþykkt að kaupa rotþró. Varðandi önnur atriði fylgja þau reglum hreppsins.
7. Bréf frá embætti ríkisskattstjóra lagt fram. Engar breytingar verði gerðar frá fyrri ákvörðun hreppsnefndar varðandi útsvar.